



**MÁGUSARTÍÐINDI**

— 2019 —

# HVER VER ÞÍNA HAGSMUNI ?



KVH er stéttarfélag viðskiptafræðinga og hagfræðinga og gerir kjarasamninga fyrir hönd félagsmanna sinna, bæði á almennum og opinberum vinnumarkaði.

KVH vinnur að bættum kjörum og réttindum, óháð starfsvettvangi, vinnuveitanda eða ráðningarformi.

## Kynntu þér málið - vertu með !

# KVH

KJARAFÉLAG  
VIÐSKIPTAFRÆÐINGA  
OG HAGFRÆÐINGA

KVH er aðili að BHM



[www.kjarafelagvh.is](http://www.kjarafelagvh.is)

# STJÓRNIN

## Efri lína:

Berglind María Sigurbjörnsdóttir, Úlfur Traustason, Kristinn Sölvi Sigurgeirsson, Hafþór Karlsson og Margrét Brandsdóttir.

## Neðri lína:

Magnús Öder Einarsson, Tinna Líf Jörgensdóttir, Alexandra Björg Ægisdóttir og Elvar Guðberg Eiríksson.



## Efri lína:

Lovísa Björk Sigmarsdóttir, Alexandra Björg Ægisdóttir og Hugrún Pálsdóttir.

Neðri lína: Elís Rúnar Elísson og Rafn Karlsson.

# RITNEFND



# Efnisyfirlit

Prentun  
Ísafoldarprentsmiðja

Upplag  
130 stk

Umbrot og hönnun  
Ingólfur Grétarsson

Sérstakar þakkir  
Hjörtur í Ísafoldarprentsmiðju  
Tinna Líf Jörgensdóttir  
Ingólfur Grétarsson

Ritstýra  
Alexandra Björg Ægisdóttir

Ritnefnd  
Elís Rúnar Elísson  
Hugrún Pálsdóttir  
Lovísa Björk Sigmarsdóttir  
Rafn Karlsson

**1** Ávarp ritstýru

**2** Ávarp formanns

**4** Spurt og svarað: Kennarar

**6** Félagslífið

**12** Að stofna fyrirtæki

**14** Spurt og svarað: Nýnemar

**16** Tips til að negla draumastarfinu

**18** Gorilla House

**20** Viðtal við útskrifaða

**22** Gunnsteinn Helgi

**24** Hvernig á ég að kaupa íbúð?

**26** NESU

**28** Viðskiptafræði meme

**31** Stjörnuspá

**32** GeoSea

**34** Árshátíðarviðtöl

**36** Mágusarkönnun

**37** Árshátíðardagskrá

**38** Krossgáta





Alexandra Björg Áegisdóttir

# Ávarp ritstýru

## Elsku Mágusingurinn minn,

Ég vil byrja á að þakka þér kærlega fyrir að hafa þetta blað í höndunum, hvort sem það er á pappír, í síma eða í tölvu. Í ár eru 14 ár síðan útgáfa Mágusartíðinda hófst og núna eftir langan skólavetur og svefnlausar nætur af hálfu ritnefndar er þessi allra nýjasta útgáfa loksins komin til þín. Þrátt fyrir að þessi skólavetur hafi verið langur hefur hann alls ekki verið af verri

endanum. Þessi vetur er búinn að vera hreint út sagt æðislegur og það er ykkur öllum að þakka, félagsmönnum Mágusar!

Félagslífið hefur sjaldan verið jafn skemmtilegt og þrátt fyrir að muna ekki eftir því að hafa verið með “uppistand” í vísindaferð í Kalda og að hafa slasað mig

á nýnemadjamminu þá hef ég aldrei skemmt mér jafn konunglega. Ég vona að þú sért á sama máli, elsku Mágusingur (en vonandi slasaðirðu þig ekki)!

Það sem við settum okkur strax í byrjun við gerð blaðsins var að létta aðeins á Mágusartíðindum. Við vildum hafa efni blaðsins áhugavert en jafnframt skemmtilegt, auðlesíð og viðtengjanlegt. Ákveðið var að einblína á hið frábæra félagslíf Mágusar í máli og

## Þessi vetur er búinn að vera hreint út sagt æðislegur og það er ykkur öllum að þakka, félagsmönnum Mágusar!

myndum. Þannig vildum við sýna fram á þakklæti okkar í garð félagsmanna og sitjandi stjórnar.

Ég hefði aldrei getað gert þetta án frábæru ritnefndarinnar minnar. Ég vil þakka Elís fyrir að vera ávallt reiðubúin og mér innan handar, bæði þegar kemur að því að klára hlutina og þegar ég er að bilast úr stressi. Hugrún og Lovísa fá hrós fyrir skemmtilegt hugmyndaflug, enn skemmtilegri djömm og frábæran húmor. Síðan en ekki síst fær Rafn allt mitt hjartans þakklæti fyrir að hafa viljað vera með okkur í þessu verkefni þrátt fyrir að vera lélegur penni. Það var hann sem hélt uppi stuðinu þegar mest þurfti á að halda.

Núna vona ég bara, elsku lesandi, að þú njótir lestursins og finnur eitthvað við þitt hæfi! Ég hlakka svo til að sjá þig á árshátíðinni!



## Kæru Mágusingar,

Þegar við í stjórn Mágusar höfum þessa vegferð er óhætt að fullyrða að ekkert okkar vissi í raun hvaða vinna tæki við. Þegar ég lít til baka er ég stolt af afrakstrinum og mega allir sem komu að starfi Mágusar ganga sáttir frá borði. Okkar fyrsta verk var að skipa varaformann og fjölgaði í stjórninni úr sjö einstaklingum í átta þegar Úlfur Traustason var kjörinn í stöðu varaformanns. Frá apríl 2018 og yfir sumarið héldum við níu fundi í heildina. Á þeim var komandi skólaár skipulagt og sömuleiðis kynntumst við hvert öðru vel, en það tel ég vera veigamikinn part af farsælu samstarfi. Okkur þótti mikilvægt að koma með ferskan blæ inn í starfið og settum því nýjan brag á skrifstofu Mágusar. Hún var tekin fyrir og máluð og gömlum húsgögnum skipt út fyrir nýrri. Fyrir stjórnarslit mun svo merki Mágusar vera málað á hurð skrifstofunnar.

Frá upphafi haustannar höfum við fundað vikulega um málefni Mágusar. Í september bættist við níundi meðlimur stjórnar þegar Berglind María Sigurbjörnsdóttir var valin nýnemafulltrúi. Snemma sammældumst við því að viðhalda því góða starfi sem fyrri stjórnir Mágusar hefðu komið á laggirnar áður en farið yrði út í nýjungar. Við ákvaðum því að í gegnum góða skipulagningu, gott upplýsingaflæði og upplýsta ákvarðanatöku myndum við ná góðum árangri. Sjálf hafði ég ákveðna hugmynd um hvað formennskan bæri í skauti sér og komst fljótt að því að raunveruleikinn er oft allt annar en það sem maður gerir sér í hugarlund. Í upphafi þótti mér virkilega mikilvægt að stjórnunarhættir Mágusar einkenndust af valddreifingu, þar sem stjórnar- og nefndar meðlimum er treyst fyrir þeim verkefnum er rúmast innan þeirra verkahringa. Mágus á að vera stökkipallur fyrir viðskiptafræðinema og tækifæri til að öðlast nýja reynslu, kynnast samnemum sínum og skemmta sér í leiðinni. Því þurfa stjórnar- og nefndar meðlimir að hafa frjálssar hendur og svigrúm til aðgerða, en það tel ég vera uppsprettuna af þeirri hugmyndaauðgi sem skartaði félagslífið í ár. Þetta ár hefur Mágus ekki skort metnað og virkir þátttakendur í félagslífinu





# Ávarp formanns

Ekki má gleyma hinu farsæla lukkuhjóli Mágusar sem hefur farið sigurför í öllum partým hingað til. Mágus TV leit einnig dagsins ljós á þessu skólaári, en það er spjallþáttur við ýmsa reynslubolta úr viðskiptalífínu. Einnig mun krýning á Vísindamanni ársins fara fram á þessu ári. Þá hélt Mágus

## Tinna Líf Jörgensdóttir

geta tekið undir það. Jafnvel þótt við vorum staðráðin í því að gera þá stöðluðu viðburði Mágusar vel var aldrei skortur á hugmyndaauðgi eða vilja til að gera betur. Við vorum skipulögð í okkar verkefnum og reyndum ávallt að finna bestu mögulegu lausnina í þágu félagsmanna.

Ég er mjög stolt af því sem við höfum áorkað á líðandi skólaári og vona ég að þær nýjungar sem við höfum fleytt inn í starfið muni steypast í hefðir. Í útilegu Mágusar ákváðum við að partýtjald myndi rífa upp stemninguna og þjappa hópnum saman. Því var haldið í langa leit að stóru tjaldi sem myndi rýma alla útilegugarpana. Í upphafi árs vildum við kynna nýnemum fyrir starfi Mágusar og var því hannaður svokallaður nýnemabæklingur. Í honum er hægt að lesa sér til um hvað Mágus er og hefur upp á að bjóða. Þessum bæklingi var komið fyrir í stofum með tilheyrandi stofukynningum. Í markaðsstarfi Mágusar urðu nokkrar breytingar á, þá sérstaklega í tengslum við samfélagsmiðla og vísindaferðir. Við hættum notkun á Snapchat aðgangi Mágusar, höfum að nota Instagram síðuna í sí meiri mæli og tókum upp á því að hanna myndbands auglýsingar fyrir allar vísindaferðir. Félagsskírteinin fóru úr plastkortum yfir í rafræn skírteini, sem eru bæði umhverfisvænni og ferðahæfari. Íþróttanefndin kom sterk inn á árinu með íþróttamót sem henta fjölbreyttum hóp af fólki, en þar má nefna jólafótbolta, badminton, bubblebolta, róðurkeppni á Háskólatorgi og svo póker mótíð sem haldið verður í mars. Mágus – Markaðsráðs dagurinn var haldinn með ólíku sniði en fyrri ár, þar sem haldið var í Smáratívoli og keppt í ýmsum leikjum, þar á meðal lazer-tag, þythokki og drykkjuleikjum.

fræðslufund í samstarfi við Íslandsbanka, pubquiz viðburð fyrir nemendur á Hverfisbarnum og varaformaðurinn okkar gegndi einnig embætti hagsmunafulltrúa þetta árið.

Gerð var breyting á því hvernig Mágus skilgreindi þýðinguna á því að vera „Mágusingur.“ Í gegnum allt starfið höfum við reynt eftir fremsta megni að tryggja það að félagsmenn hafi greinargóðan fjárhagslegan ávinning fram yfir þá sem ekki eru skráðir í félagið af öllu því sem Mágus hefur upp á að bjóða. Það gerðum við með því að breyta fyrirkomulagi á verðlagningu félagsins á viðburðum sem varð til þess að gjöld félagsmanna lækkaði svo um munaði. Ólíkt fyrri árum þurfa Mágusingar ekki að greiða fyrir inngöngu í partý og greiða töluvert lægra verð þegar kemur að íþróttaviðburðum og skemmtunum.

Þær skemmtanir sem Mágus hélt sig við frá fyrri árum eru til dæmis hið sigursæla Legacy partý, sem hóf göngu sína skólaárið 2017-2018. Þetta árið mætti Ingó veðurguð með látum og var það stærsta partýið okkar til þessa. Einnig var keilumótíð á sínum stað og fór skráningin fram úr öllum vonum. Í ár var árgjaldið í Mágus 5.900 kr. en það verð hefur haldist síðan skólaárið 2015-2016 og erum við stolt að geta haldið starfinu áfram án þess að gjöld félagsmanna þurfi að hækka.

Margt hefur átt sér stað en dagskránni hvergi lokið. Árshátíð Mágusar, okkar stærsti viðburður, fer fram 2. mars. Fjölmargar vísindaferðir eru framundan, íþróttamót og svo kosningar í stjórn Mágusar, ásamt próflokapartý sem haldið verður undir leiðsögn nýkjörinnar stjórnar Mágusar. Það er nóg á döfinni.

Ég vil nýta þetta tækifæri og þakka fyrir þá reynslu sem ég hef öðlast, þau vináttubönd sem ég hef myndað mér og þær upplifanir sem Mágus hefur stuðlað að síðastliðin þrjú ár. Stór hluti þeirra flottu einstaklinga sem ég hef kynnst munu koma til með að tengjast mér á einhvern hátt um langt skeið. Sama hvaða ár, þá mun starf Mágusar ávallt myndast í kringum fólk. Þetta er fólk sem vinnur metnaðarfullt og óeigin-gjarnt starf í þágu Mágusar og mun um ókomin ár vera uppsprettan af velgengni félagsstarfs viðskiptafræðinema við Háskóla Íslands. Ég mun fylgjast með Mágusi vaxa og dafna næstu áratugina!

**Ég vil nýta þetta tækifæri og þakka fyrir þá reynslu sem ég hef öðlast, þau vináttubönd sem ég hef myndað mér og þær upplifanir sem Mágus hefur stuðlað að síðastliðin þrjú ár.**





**Spurt og svarað**

**Kennarar**



## Rúnar Steinn Ragnarsson

Rúnar Steinn Ragnarsson, 49 ára, kennir Fjárhags- og Rekstrarbókhalð og Reikningskil.

**Hvaða ráð ertu með til þess að ná árangri í íslensku viðskiptalífi?** Hard work!

### Aukaspurningar

**Hvað áttu mörg pör af hvítum skóm?** Ég á þó nokkur.

**Áttu/notaðu einhvern tímann skó í öðrum litum?** Einhversstaðar þarna á ég svarta Nike skó. Kem í þeim bráðlega svona til gamans!

**Hver er þinn go-to drykkur á djammínu?** Gingerale!

**Hver er þynnku rútínan þín?** Ég verð ekki þunnur af Gingerale.

**Herra Hnetusmjör eða Jói P og Króli?** Aron Can!

**Hvað er það fyrsta sem þú gerir þegar þú vaknar?** Ég les Moggann.

**Hvernig á að læra fyrir prófið þitt?**

Mæta í tíma og vinna samviskusamlega yfir önnina. Það gerast fá kraftaverk í prófavíkunni þannig það er betra að vera búin að læra jafnt og þétt.



## Haukur Camillus Benediktsson

Haukur Camillus Benediktsson, 46 ára, kennir Fjármál I og II og líka Rekstrarstjórnun.

endilega spyrja mig ef eitthvað er óljóst.

**Hvaða ráð ertu með til þess að ná árangri í íslensku viðskiptalífi?** Mín helstu ráð væru að vera sannur sjálfum sér og standa á sínu.

**Hver er þinn go-to drykkur á djammínu?** Ef svo sjaldan vill til að ég skelli mér á djamm þá man ég ekki hvað hann heitir. En annars er ég bara í rauðvíni og bjór.

**Hver er þynnku rútínan þín?** Hún væri bara að leggja mig.

**Herra Hnetusmjör eða Jói P og Króli?** Heyrðu, Herra Hnetusmjör!

**Hvað er það fyrsta sem þú gerir þegar þú vaknar?** Ég kík á símann minn.

**Hvernig á að læra fyrir prófið þitt?**

Lesi bókina og lesi glærurnar. Líka



## Helgi Héðinsson

Helgi Héðinsson 30 ára, kennir Inn-gang að markaðsfræði og Markaðs-samskipti.

skafli og drekk lýsi.

**Hvernig á að læra fyrir prófið þitt?** Mæta vel yfir önnina, lesa, hugsa, gagnrýna og taka náminu eins og hverri annarri vinnu sem þarf að sinna x tíma á viku að minnsta kosti.

**Hvaða ráð ertu með til þess að ná árangri í íslensku viðskiptalífi?** Við þessu er ekkert eitt svar en ég hugsa þetta oft með þessum hætti. Fyrir það fyrsta þarf maður að setja sér markmið og skilgreina hverju maður sækist eftir í lífinu. Í kjölfarið þarf maður svo að rækta og styrkja þá hæfileika sem koma manni á áfangastað. Þar vegur námsárangur auðvitað mjög þungt ásamt tengslaneti, frammistöðu, heiðarleika og áreiðanleika.

**Hver er þinn go-to drykkur á djammínu?** Hendrix í Sóða og Lime.

**Hver er þynnku rútínan þín?** Læt sem ekkert hafi í skorist. Velti því fyrir mér hvort ég hafi einhvern tímann haldið að ég væri þunnur í veiðiferð. Svárið er nei. Þar af leiðandi er þynnka hugarástand. Þetta gengur stundum!

**Herra Hnetusmjör eða Jói P og Króli?** Jói P og Króli allan daginn. Meistarar!

**Hvað er það fyrsta sem þú gerir þegar þú vaknar?** Velti mér upp úr snjó-



## Snjólfur Ólafsson

Snjólfur Ólafsson, 64 ára, kennir Stærðfræði A og Rekstrarstjórnun.

**þú vaknar?** Ég burstu tennurnar. Það er svona eitt af því fyrsta.

**Hvernig á að læra fyrir prófið þitt?** Rifja upp það sem að þú gerðir yfir misserið og hugsa um hvað þú ert að gera. Mikilvægt er að vinna tæknina rétt og vanda sig við úrvinnslu.

**Hvaða ráð ertu með til þess að ná árangri í íslensku viðskiptalífi?** Leggja sig fram og vera heiðarlegur.

**Hver er þinn go-to drykkur á djammínu?** Ég djamma nú ekki beint mikið. Það er eiginlega bara hvítvín á góðum stundum.

**Hver er þynnku rútínan þín?** Ég hef þrisvar á ævinni verið með smá þynnku. Ég hreinlega man ekki hvað ég gerði þá.

**Herra Hnetusmjör eða Jói P og Króli?** Jói P og Króli! Af því ég veit svo lítið hvað þeir eru að gera. Ég er bara hrifinn af þeim!



**Hvað er það fyrsta sem þú gerir þegar**



# Félagslífið









# Félagslíf Mágusar 2018-2019



Það er þrennt sem einkennir félagslíf Mágusar: Frábær skemmtun, mikið áfengi og æðislegt fólk!

Félagslíf Mágusar þetta skólaárið hefur hreint út sagt verið glæsilegt. Það hefur varla líðið vika sem er alveg viðburðarlaus, að undanskildu jólafrí og prófatíð. Stjórnin hefur unnið hörðum höndum í allan vetur til þess að veita félagsmönnum bestu mögulegu upplifun af starfsemi nemendafélagsins og sjá til þess að enginn myndi þjást af þorsta til lengri tíma.

## Útilegan

Allt hófst þetta með Útilegu Mágusar sumarið 2018 sem var haldin við Úlfjótswatn. Þó að míni hafi verið að angra útilegugesti þar til sólin settist þá dó stjórnin ekki ráðalaus, heldur splæsti í flugnanet handa öllum þannig fjörið gat haldið ótrautt áfram. Það var grillað saman, Kiddi Cash kom með gítarinn og allir sungu saman fram á rauða nótt og farið var í ýmsa útileguleiki.

Þó svo að Kubbi komi alltaf sterkt inn, vildu flestir meina að leikurinn Flunky Ball hafi klárlega staðið upp úr þar sem Haffi skemmtó vann sigur úr bítum allt kvöldið.

## Nýnemaferðin

Fyrsti "official" viðburður ársins var hin árlega nýnemaferð sem var farin þann 24. ágúst. Förinni var heitið í Fólkvangsalinn á Kjalarnesi þar sem markmið kvöldsins var að kynna nýliðum viðskiptafræðinnar fyrir skemmtanahaldi nemendafélagsins og að þjappa saman hópinn. Fólki var skipt niður á borð og farið var í ýmsa samkvæmismeiki á borð við Pub Quiz, sprengja blöðru í kynlífsstillingu og margt fleira.

Boðið var upp á helling af bjór og áfengum veigum ásamt pítsum frá Domino's. Sumir voru fljótari en aðrir að hella í sig og ákveðnir aðilar enduðu partýið í karaoke upp á sviði. Kvöldið endaði síðan á Hverfisbarnum þar sem verðandi Mágusingar héldu djamminu áfram.



## Haust- og útgáfupartý

Blað var brotið í sögu Mágusar þegar að MágusTV var stofnað. Fyrsti þáttur MágusTV var frumsýndur í Haustpartýinu sem haldið var í Leiknisheimilinu í byrjun októbermánaðar. Það er þó vert að nefna að tæknilegir örðugleikar hömluðu gestum að sjá meira en fyrstu 20 sekúndur þáttarins, en honum var í staðinn varpað beint á netheima. Einnig var þetta partýið þar sem að LUKKUHJÓL MÁGUSAR fékk að láta ljós sitt skína í fyrsta sinn þennan veturinn, en stjórnin ákvað að smíða eitt stykki svoleiðis fyrir vorpróflokpartýið önnina áður. Partýgestir fóru því í hjólið, spiluðu Beer-Pong og skemmtu sér konunglega langt fram á nótt.



# ÍPRÓTTANEFND

## Frá vinstri:

Elías Ýmir Larsen,  
Garðar Ingi  
Gunnarsson  
og Unnar  
Magnússon.

## Tengiliður í stjórn:

Hafþór Karlsson



## Íþróttaviðburðir

Íþróttanefnd Mágusar hefur séð til þess að íþróttakappar félagsins hafi ekki setið eftir á hakanum í vetur. Fyrsti viðburður íþróttanefndar var hið árlega Keilumót Mágusar sem haldið var í september.

Keiluhöllin í Egilshöll hósti leikana og eftir að Sindri Snær A van Kasteren hafði verið krýndur sem sigurvegari var lýðnum smalað á Hverfisbarinn þar sem Mágus bauð félagsmönnum upp á frían bjór. Íþróttanefndin sló einnig til Badmintonmóts sem haldið var í TBR húsinu í Laugardalnum. Það var fljótt að fyllast á mótið þar sem tveir og tveir voru saman í liði.

Sigurvegarar mótsins fóru heim með orkudrykki, þvott fyrir bílinn og margt fleira í verðlaun. Haldið var fótboltamót rétt fyrir jólin og einnig var haldinn Bubble-bolti í febrúar. Það heppnaðist einstaklega vel þrátt fyrir að margir hafi verið laskaðir á líkama og sál eftir leikina. Ef þú ert að lesa þetta á útgáfudegi þessa blaðs þá er íþróttanefndin í þessum töludu orðum með róðrakeppni á Háskólatorgi, ekki missa af því!





# SKEMMTINEFND



## Efst frá vinstri:

Eygló Snæland  
Jónsdóttir, Sindri  
Snær A van  
Kasteren.  
Miðja frá vinstri:  
Ríkey Ásta  
Þorsteinsdóttir,  
Hafþór Karls-  
son (formaður),  
Kolbrún Arna  
Garðarsdóttir.

## Fremst frá vinstri:

Hrafnhildur  
Ingadóttir, Haukur  
Andri Grímsson.

## Skíðaferð Mágusar

Í hádeginu þann 1.febrúar mættu gláðir skíðagarpar á bíla-planíð fyrir utan HÍ og voru tilbúnir í veislu. Menntu voru varla búnir að koma sér fyrir í rútusætunum áður en að þeim var réttur bjór og boðið skot. Kóngurinn Ámundi var bílstjóri ferðarinnar og það var einróma samþykki ferðalanga að hann væri yndislegasti maður í heimi.

Fyrsta stoppið var á Domino's í Mosfellsbæ og fengu því ferðalanga að gæða sér á pítsu með veigunum. Þegar rútan var rétt komin úr gjaldfríum göngunum henti skemmtinefndin í "Bus Quiz" þar sem þrír til fjórir hópuðu sér saman í lið. Þegar rútan lenti loks í Staðarskála voru margir byrjaðir að finna þryðilega á sér og áður en haldið var aftur á stað var framið létt rán af hálfu ritstýru félagsins. Þegar rútan var komin aftur á þjóðveginn héldu ferðalanga áfram að hella í sig og rútan þurfti að gera pissustopp bæði á Blönduósi og í Varmahlíð. Ekki leið á löngu þar til að rútan stoppaði á Árskógssandi þar sem að bruggsmiðjan Kaldi bauð til vísindaferðar í verksmiðjuna sína.

Þar flæddi bjór úr öllum krönum og fólk gat drukkið eins og það gat í sig látið. Sumir tóku því meira bókstaflega en aðrir og enduðu með því að "skemmta" ferðafélögum sínum með mikilli ölvun og undarlegum spurningum. Ekki nóg með það tókst ákveðnum aðila að fljúga beint á hausinn fyrir utan Kalda og annar aðili braut glasið sitt í rúttunni, Ámunda til mikillar gremju. Allt í einu vorum við lent á Akureyri og eftir að fólk var búíð að fara með farangurinn sinn upp á Akureyri Backpackers hélt múgurinn á Café Amour í karaoke. Þar splæsti Mágus í bjórkút og það fékk ansi marga til þess að fara upp á svið og taka lagið.

Daginn eftir fóru óvenjumargir í fjallið þetta árið, eða rúmlega helmingur ferðalanga. Ámundi skutlaði skíða/bretta-görpunum upp í Hlíðarfjall um hádegi og vildu margir meina að hreyfingin hafi verið ákveðinn þynn-kubani. Snjóinn var aftur á móti frekar illa troðinn í fjallinu sem

varð til þess að margir fóru fljótt heim. Hinir sem voru eftir skelltu sér annað hvort í sund eða beint á Happy-hour á Hótel KEA. Eftir að strákarnir voru búnir að svelgja í sig nokkra bjóra og stelpurnar búnar að mála sig fyrir kvöldið var haldið á Bryggjuna þar sem að hópurnir borðuðu saman dýrlegan kvöld-verð. Förrinni var síðan heitið á Götubarinn þar sem að Mágus keypti enn einn kútinn. Kvöldið byrjaði hægt, enda var erfiðara fyrir fólk að komast á sama level og það var kvöldið áður.

En eftir nokkra hringi af "Ég hef aldrei" inn á Götubarnum var lýðurinn orðinn hress á ný og sumir tóku sig til og fóru að spila á flygilinn á staðnum. Þegar kúturinn var orðinn tómur var fólk ekki lengi að flykkjast á aðra staði, en margir enduðu á Pósthúsbarnum. Þar var fólk á dansgólfinu langt fram eftir morgni þar sem furðulegur trefill sem birtist upp úr þurru flakkaði á meðal bargesta.

Það var miserfitt fyrir fólk að vakna á sunnudeginum og reyna að rífa sig upp í check-out. Flestir náðu að staulast með dótið sitt út í rútu þar sem Ámundi beið spenntur eftir úrvinda fólkinu. Síðan fóru allir í leit að næringu í föstu formi, enda syndir gærkvöldsins farnar að segja til sín. Eftir að allir voru búnir að matast vel hópaðist fólkið aftur að rúttunni sem dreif sig í burt frá höfuðborg norðursins, enda var þá komið -24°frost!!! Ferðin heim var ekki eins hávær og leið ekki eins hratt og hún hafði gert tveim dögum áður. En vert er að nefna að á leiðinni til baka ákvað ritstýra félagsins að vera sómakær og skila ránsfengnum sem hún hafði rænt föstudeginum áður aftur í Staðarskála. En það mun hafa verið bréfpurrkuskammtari!

Við getum öll verið sammála um að ferðin hafi heppnast sérstaklega vel og á skemmtinefndin mikinn heiður skilinn. Nú er bara að sjá hvernig þeim tekst til með Árs-hátíðina sem verður á laugardaginn!

## Vísindaferðir

Fyrsta vísindaferð ársins var farin í endurskoðandafyrirtækið Deloitte ásamt viðskiptafræðinemum úr HR. Í kjölfarið fylgdu margar frábærar vísindaferðir. Á haustönninni fóru félagsmenn Mágusar í vísindaferðir í Deloitte, GAMMA, VÍ og SA, Sahara, Hvíta húsið, og Pipar\TBWA. Veglegasta vísindaferðin var klárlega í Sahara þar sem tekið var á móti Mágusingum með góðu úrvali áfengra drykkja, samlokum frá Lemon og skemmtilegum leikjum.

Vorönnin byrjaði með vísindaferð í endurskoðandafyrirtækið PwC sem var mjög vel heppnuð. PwC gaf góða kynningu á starfsemi fyrirtækisins, bauð upp á frábærar veitingar og gott úrval af áfengi.

Eftir það var farin stærsta vísindaferð vetrarins, í Ölgerðina. Þar tók Höskuldur vörumerkjastjóri Egils Gull á móti Mágusingum með meira en nóg af Gull og Jagermeister. Íslenska Gámafélagið bauð upp á vísindaferð fyrir Mágus - Markaðsráðs daginn, sem haldinn var hátíðlegur í Smára-tívolfi. Á næsta leyti eru síðan vísindaferðir í KVH, Íslandsbanka og Kvikú.



## Legacy var klárlega stærsta partyið sem haldið var um veturinn

### Legacy Party

Vorönn 2019 hófst með pompi og prakt þann 11.janúar þegar fólk var varla búíð að jafna sig eftir áramótadjammið. Dagurinn hófst á vísindaferð í PwC en strax eftir hana hófst Legacy Party Mágusar sem haldið var í Akóges salnum í Lág múla. Partyið var mjög stórt, enda voru mörg önnur nemendafélög HÍ sem fengu boð í partyið. Ingó veðurguð hélt uppi stemningunni sem trúbador og hjólið rúllaði allt kvöldið. Legacy var klárlega stærsta partyið sem haldið var um veturinn fyrir utan Árshátíðina.



## Á næstunni

Þegar þessi pistill er skrifaður er ógrynni af viðburðum eftir á döfinni. Næst á dagskrá er stærsti viðburður skólaársins, Árshátíð Mágusar. Hún verður haldin núna næst komandi laugardag, 2.mars, og skemmtinefnd Mágusar segir hana verða glæsilega í ár. Einnig eru nokkrar vísindaferðir eftir ásamt einhverjum skemmtikvöldum. Síðasti viðburður sitjandi stjórnar verður síðan Kosningapartyið sem haldið verður þegar ný stjórn kemur og tekur við keflinu.

Stjórn Mágusar þakkar innilega fyrir skemmtilegan og viðburðarríkan vetur og óskar næstu stjórn velgengni í því erfiða verkefni að halda í við árangur sitjandi stjórnar!





# Að stofna fyrirtæki

Að stofna fyrirtæki er frekar auðvelt í sjálfu sér. Það þarf bara að fylla út nokkur skjöl, borga umsýslugjaldið sem fylgir því og skila inn. Hins vegar að reka fyrirtæki, og það með hagnaði, getur verið miklu flóknara mál. Í þessum pistli verður fjallað um öll helstu atriði sem hafa þarf í huga við stofnun og rekstur fyrirtækja.

## 1 Varan og mótun viðskiptahugmyndar

Hugmyndavinnan er grunnurinn að árangursríkri viðskiptahugmynd. Hugmyndina þarf að vera hægt að þróa áfram þannig að frekari viðskiptaþróun sé möguleg. Hún þarf hún að endurspegla þau gildi og stefnu sem þú vilt standa fyrir.

Varan/þjónustan þarf að uppfylla þarfir viðskiptavina og skapa þarf gott virði fyrir viðskiptavininn ef ná skal samkeppnisforskoti. Virðið getur verið fólgið í nýjungum, góðri hönnun, lágu verði og sterkri ímynd.

## 2 Stofnun fyrirtækis

Þegar viðskiptahugmynd er á leið í framkvæmd eru nokkur lykilatriði sem þarf að huga að t.d. hvaða fyrirtækjaform hentar starfseminni og hvaða starfsleyfi eða skráningar þarf fyrir viðkomandi starfsemi.

## 3 Markaðssetning

Markaðsmál eru lykilþættir í rekstri fyrirtækja. Mikilvægt er að allar aðgerðir séu vel samræmdar til þess að vel takist til og fyrirtæki nái til markhóp vörunnar/þjónustunnar. Fyrst þarf að skilgreina markaðinn sem fyrirtækið ætlar sér að vera á og gera grein fyrir þörfum og óskum viðskiptavina á þeim markaði. Gera þarf greiningu á markaði, samkeppni og væntanlegum markhópi og setja markmið og búa til viðskipta- og markaðsáætlun til að ná tilsettum markmiðum







## 4 Viðskipta- og rekstraráætlanir

Til þess að átta sig á því hvort viðskipta-hugmynd sé álitleg er tilvalið að gera um hana viðskiptaáætlun. Í viðskiptaáætlun lýsir þú helstu þáttum hugmyndarinnar og setur fram skýr markmið um starfsemina. Góð viðskiptaáætlun inniheldur vel uppsetta samantekt, lýsingu á viðskiptahugmyndinni, upplýsingar um vöruna eða þjónustuna, stjórnun og skipulag, markaðinn og samkeppnina, markaðsstefnu og áætlun og hvernig fjármálum verði háttáð.

Rekstraráætlun inniheldur upplýsingar um hvernig gjöld greiðast úr fyrirtækinu og hvernig tekjur koma inn. Rekstraráætlun sýnir áform um þróun starfseminnar og endurspeglar áður framsett markmið og söluáætlun.



## 5 Leiðsögn

Nýsköpunarmiðstöð Íslands veitir frumkvöðlum leiðsögn að endurgjaldslausu við meðal annars þróun viðskipta- og vörugugmynda og stofnun og rekstur fyrirtækisins

## 6 Fjármögnun

Þegar fyrirtæki er á hugmyndastigi þarf frumkvöðull að gera ráð fyrir því að umtalsverður tími fari í að vinna í hugmyndinni og má líta á þann tíma sem fjárfestingu í fyrirtækinu.

Ef þú ert ekki tilbúin/n til að taka áhættu með eigin fé og tíma, því ættu viðskiptavinirnir að veðja á þína hugmynd með sínu fjármagni?

Til að hugmynd geti orðið að raunverulegum rekstri þarf fjármagn.

Ýmsar leiðir eru til að fjármagna rekstur eða viðskiptahugmynd.

### Algengustu leiðirnar

- bankalán
- fjárfestar
- hópfiármögnun
- fjölskyldulán



Því betur sem hugmyndin er skilgreind og viðskiptagrundvöllur rökstuddur eru meiri líkur á að þú getir fjármagnað verkefnið með því að fá fjárfesta inn eða tryggt þér aðra fjármögnun.

Ýmsar leiðir eru til að fjármagna rekstur eða viðskiptahugmynd. Algengustu leiðirnar eru bankalán, fjárfestar, hópfiármögnun og fjölskyldulán.



**Spurt og svarað**  
**nýnemar**





## Haukur Andri Grímsson 24 ára

**Í hvaða menntaskóla varst þú?** Ég var í Fjölbautaskóla Suðurlands.

**Afhverju valdir þú viðskiptafræði?**

Mig langaði að vera nær Ella G í Sælunni.

**Hver er þinn go-to drykkur á djammínu?** Vodka í Red!

**Hver er þín þynnku rútína?** Þamba vatn, borða, einn bjór og leggja sig. Ég

er eins og nýr eftir á.

**Hvert er þitt kennara crush?** Rúnar Steinn Ragnarsson.

**Mesti skandallinn á fyrsta árinu?** Þegar Jón Lárus hneigði sig fyrir framan alla eftir að hafa verið að kynna hjá Ásdís Petersen í Vinnulagi og aðferðafræði.

**Hver er þinn uppáhalds stjórnarmeðlimur?** Grétar Örvarsson.

**Hver var besta vísindaferðin hingað til?** PwC held ég bara.

**Ætlarðu að verða sósud/sósaður á árs hátíðinni?** Nei! Ég hef reynt að halda mér frekar dönnuðum síðasta ár og fer varla að byrja þar.



## Hrafnhildur Ingadóttir 21 árs

**Í hvaða menntaskóla varst þú?**

Menntaskólinn við sund.

**Afhverju valdir þú viðskiptafræði?**

Ég vildi fara í nám sem væri frekar viðtækt með störf og viðskiptafræðin er svo opin starfsgrein. Svo hef ég svo mikinn áhuga á stofnun fyrirtækja og hver veit hvað maður gerir í framtíðinni varðandi það.

**Hver er þinn go-to drykkur á djammínu?** Sko mig langar ekki að segja það en bacardi razz í vatn... annars er ég búin að vera að vinna mikið með moscow mule undanfarið. Svo er ég líka mjög oft bara í vatninu hehh.

**Hver er þín þynnku rútína?** Súkkulaði milkshake er án alls gríns geggjáð þynnku cure en ég reyni oftast að borða bara eitthvað djúsi beint eftir djammid og drekka mikið vatn þá verðurðu semi ekki þunnur.

**Hvert er þitt kennara crush?** Úff erfitt val á milli Helga markaðsfræði og Sabits.

**Mesti skandallinn á fyrsta árinu?** Þegar Alexandra follovaði Rúnar bókhalds kennara óvart á Insta.

**Hver er þinn uppáhalds stjórnarmeðlimur?** Haffi.

**Hver var besta vísindaferðin hingað til?** Ölgerðin.

**Ætlarðu að verða sósud/sósaður á árs hátíðinni?** Sko þarf þess ekki einu sinni því þessi árs hátíð er að fara verða svo geggjáð en svarið er líklegast.



## Friðrik Árni Tryggvason 26 ára

**Í hvaða menntaskóla varst þú?** Ég var í Menntaskóla Borgarfjarðar.

**Afhverju valdir þú viðskiptafræði?**

Mig langaði að gera eitthvað geðveikt kúl og skemmtilegt.

**Hver er þinn go-to drykkur á djammínu?** Gin og tónik eða bjór!

**Hver er þín þynnku rútína?** Bara að sofa eins mikið og ég get.

**Hvert er þitt kennara crush?** Snjólfur, hann er mjög sexy!

**Mesti skandallinn á fyrsta árinu?** Uuu, ég veit það ekki.

**Hver er þinn uppáhalds stjórnarmeðlimur?** Tinna formaður er mjög töff.

**Hver var besta vísindaferðin hingað til?** Besta vísindaferðin var í PwC.

**Ætlarðu að verða sósud/sósaður á árs hátíðinni?** Ég ætla að vera súper sósaður! Ég ætla að vera svo sósaður að ég heiti kokteilsósa.



## Jón Lárus Stefánsson 19 ára

**Í hvaða menntaskóla varst þú?** Ég var í Menntaskólanum að Laugarvatni.

**Afhverju valdir þú viðskiptafræði?**

Ég kaus viðskiptafræði út af því að það höfðaði mest til mín. Ég sé líka mikil atvinnutækifæri út frá náminu.

**Hver er þinn go-to drykkur á djammínu?** Víking Gylltur!

**Hver er þín þynnku rútína?** Ég vakna

oftast mjög lítill í mér, hata lífið og spyr sjálfan mig „Afhverju ég var að drekka?“ Svo fæ ég mér einhvern viðbjóð að borða og hata sjálfan mig ennþá meira fyrir að vera að borða þennan viðbjóð.

**Hvert er þitt kennara crush?** Rúnar í hvítu skónum eða Ásdís Petersen!

**Mesti skandallinn á fyrsta árinu?** Sennilega þegar háma lokaði 10 mín í 15:00 einn daginn, það fór helvíti illa í mannskapinn.

**Hver er þinn uppáhalds stjórnarmeðlimur?** Sko það er þrennt í þessu. Það er annars vegar Elli G í sælunni, hins vegar Kiddi kitchen og Alexandra.

**Hver var besta vísindaferðin hingað til?** Hvíta Húsið, Auglýsingastofa.

**Ætlarðu að verða sósud/sósaður á árs hátíðinni?** Ef ég fer, þá væntanlega! Ég á einhverja helgarferð pantaða með kæró, en ég er að reyna að redda þessu. En já ég verð vel sósaður!



# Tips til að negla draumastarfinu!

Hér koma nokkur ráð fyrir þig til að hafa í huga þegar þú ert í leit að draumastarfinu.





## Umsóknin

Mikilvægt að **aðlaga ferilskrána þína** að starfinu sem um ræðir. Þá er verið að tala um svipuð störf sem þú hefur unnið, þekkingu sem gæti nýst í þessu starfi frekar en öðru, tungumál sem gætu nýst í starfinu og svo framvegis.

**Alltaf senda inn kynningarbréf!** Það er mjög mikilvægt að þú segir vinnuveitandanum hvað þú getur gert fyrir fyrirtækið og af hverju hann ætti að ráða þig frekar en einhvern annan.

**Vertu ákveðin/n** og sýndu áhuga! Það oftast ekki nóg að senda bara inn umsókn. Það er mikilvægt að ítreka umsóknina og senda kannski nokkra tölvupósta til þess að minna á sig. Það er í lagi að vera þínu pirrandi!



## Viðtalið

Undirbúningur fyrir viðtalið skiptir miklu máli. **Að vera búin að kynna sér starfsemi fyrirtækisins** og sýna fram á áhuga er mjög tilkomumikið og gerir þig eftirminnilega/n.

**DRESS TO IMPRESS!** Ef þú ert að mæta í viðtal í banka þá er mikilvægt að þú lítir út eins og bankastarfsmaður. Vinnuveitandinn er að leitast eftir einstakling sem passar inn í starfsumhverfið. Útlit og framkoma er því lykilatriði. En það er mikilvægt að hafa í huga að klæða sig viðeigandi eftir starfinu og fyrirtækinu.

**Taktu í höndina á þeim sem tekur viðtalið** um leið og þú kynnir þig. Það sýnir sjálfsöruggi. Passaðu bara að gera það almennilega en ekki eins og þú sért nýbúin að tapa fótboltaleik. Reyndu líka að halda ró þinni og passaðu upp á málfar.

**Aldrei segja neitt slæmt** um fyrri vinnuveitandann þinn! Bara ekki gera það!



## Ýmis góð ráð fengin frá fólki úr atvinnulífinu

Viðskiptafræðingar hafa úr breiðu úrvali starfa að velja og því ákveðnari sem þú ert í því hvers konar starf þú vilt fá, því meiri líkur eru á að þú nengir þannig starfi.

**Vertu virk/ur í félagslífinu!** Bara að fara í vísindakerfið getur skilað sér í svakalegu tengslaneti sem mun á endanum skila þér vinnu.

Það er gott að hafa **nefndar** -og/eða **stjórnarstörf** á ferilskránni. Sama hvort það er í nemendafélagi eða stúdentapólitík. Að sinna auka starfi með námi sýnir fram á dugnað.

**Finndu þér vinnu sem þér finnst skemmtileg.** Annars endistu ekki lengi í starfinu.

**Ekki gefast upp!** Margir vinnuveitendur svara ekki einu sinni umsóknum. Þú mátt ekki láta það á þig fá. Sýndu frumkvæði og reyndu að fylgja umsókninni eftir. Ef það virkar ekki þá er málið að senda bara umsókn eitthvert annað.

# Gorilla House

Gorilla House var stofnað árið 2018 og er fyrst sinnar tegundar á Íslandi. Gorilla vöruhús er "fulfillment centre" eins og það kallast á ensku, en starfsemi fyrirtækisins felst í að hýsa vörur til afhendingar til viðskiptavina netverslana. Netverslanir sem eru að nýta sér þjónustu Gorilla House eru til dæmis Blush.is, Wagtail og Tanja Ýr Cosmetics.





Egill Fannar Halldórsson, 25 ára, er annar stofnenda Gorilla House og ferðaþjónustufyrirtækisins Wake Up Reykjavík. Hann er harðasti Tottenham Hotspur stuðningsmaður landsins, elskar að ferðast og er með yfir 6k followers á Instagram. Egill ætlar að segja okkur aðeins frá sjálfum sér og fyrirtækinu Gorilla House.

#### **Hver er uppáhalds maturinn þinn?**

Ég er algjör matgæðingur og það að borða er virkilega eitt af því skemmtilegasta sem ég geri. Hins vegar er því miður alveg ómögulegt fyrir mig að svara þessari spurningu á einfaldan hátt. Mér þykir mjög skemmtilegt að upplifa góðan mat á nýjum stöðum - hvort sem það eru mismunandi veitingamenn eða matur í ólíkum löndum. Á Íslandi vill ég helst bara borða íslenskan mat og það sama á við um Mexíkó, Balí, Tyrkland eða Marakkó. Ég vil upplifa það besta sem hvert land hefur upp á að bjóða.

#### **Hver er morgunrúttin þín á vinnudegi?**

Ég vakna flesta morgna klukkan 6, fæ mér góðan morgunmat sem er annað hvort egg og avókadó eða hafragrautur. Ég glugga aðeins í þær bækur sem ég er að lesa hverju sinni og fer síðan í sund með Daníel vini mínum og viðskiptafélaga. Eftir það förum við saman á skrifstofuna klukkan níu. Það er ekki hægt að byrja daginn betur en á að skella sér í kalda pottinn!

#### **Aðeins um fyrirtækið**

**Hvað er gorilla vöruhús?** Gorilla er fyrsta vöruhús sinnar tegundar á Íslandi (fulfillment house/centre á ensku). Við sjáum um vöruhlíðina fyrir netverslanir alveg frá a-ö. Það virkar svoleiðis að við geymum allan lager fyrir verslanir, tökum saman vörur eftir pöntunum, afgreiðum pantanir af lager og sjáum um að dreifa um allt land. Þetta þýðir að nú geta eigendur netverslana einbeitt sér aðeins að því að búa til fallegar vörur og selja þær, við sjáum um allt hitt.

Fyrirtækið var stofnað núna sumarið 2018 og þó okkur finnst hugmyndin í grunninn vera svolítið ósexý þá teljum að þessi beinagrind í kringum netverslun á Íslandi eigi eftir að spila alveg rosalega stórt hlutverk í íslenskri verslun eftir nokkur ár. Við erum því

mjög spenntir fyrir verkefninu.

**Hvernig varð þessi hugmynd til?** Ég var að lesa bók á ströndinni í Mexíkó þegar hugmyndin kom til mín. Í þokkabót rekur kærastan mín hún Tanja Ýr snyrtivörumerkið Tanja Yr Cosmetics svo ég þekkti ágætlega þá hausverki sem eigendur netverslana á Íslandi eru að glíma við.

**Er einhver saga bakvið nafnið?** Í alvöru talað þá fannst okkur lagerbusiness vera svo óótrúlega ósexý og óspennandi fyrirbæri að við ákváðum frá byrjun að við ætluðum að gera allt sem við gætum til þess að gera þetta fun, fresh og sexy! Eitt af þeim skrefum var að hafa öðruvísi og upplifting nafn! Upphaflega er nafnið Gorilla House, en við erum mikið farnir að nota nafnið Gorilla vöruhús í dag.

#### **Má búast við stórum hlutum frá þér**

**á næstunni?** Já alveg 100%! Það eru alveg rosalega skemmtilegir hlutir í pípunum hjá bæði Wake Up Reykjavík og Gorilla House. En auk þess eru alltaf nýjar hugmyndir á teikni-borðinu hjá okkur og hjá mér persónulega. Því miður ekkert þó sem er svo nálægt að hægt sé að gefa eitthvað upp af alvöru.

#### **Hvernig er típíski vinnudagurinn þinn?**

Síðan Gorilla opnaði í júlí hef ég verið nánast alla daga, allan daginn á vörlagernum okkar á Suðurlandsbraut. Þetta er búið að vera smá klikkun! En fullkominn vinnudagur þessa daganna er þegar ég næ að spila saman bæði Wake Up Reykjavík og Gorilla og eiga hálfan dag báðu megin.

Við Daníel (viðskiptafélagi minn) erum svo ótrúlega heppnir að vera komnir með algjöra snillinga með okkur í lið báðu megin svo við erum í raun ekki nauðsynlegir lengur í daglegum rekstri. En þess í stað erum við meira bakvið tjöldin að velta okkur upp úr vörumerkjunum okkar, hvað við erum að gera vel og hvað við þurfum að gera til þess að gera enn betur - hvort sem það er í þjónustu, sölu eða öðru. Persónulega þykir mér skemmtilegast að velta mér upp úr ímynd vörumerkjanna okkar og hvað við getum gert til þess að spila fyrirtækin enn betri fyrir starfsfólkið okkar, viðskiptavinum og okkur sjálfa.



# Viðtöl við útskrifaða



**Brynjólfur Löve Mogensson** 29 ára

**Hvenær útskrifaðist þú?** Ég er reyndar ekki útskrifaður, ég á eftir ritgerðina og nokkra áfanga.

**Hvaða kjörsviði varstu á?** Markaðsfræði og alþjóðaviðskipti.

**Af hverju förstu í viðskiptafræði?**

Allt Leonardo DiCaprio að þakka og hlutverkinu hans sem Jordan Belford í myndinni Wolf of Wallstreet.

**Hvað förstu að gera þegar þú**

**hættir í viðskiptafræði?** Ég fór og varð atvinnusnappari í eitt ár. Var bara að surfa og leika mér og hafa

gaman. Það heppnaðist bara mjög vel. Þaðan í frá hef ég gert ýmislegt. Ég ákvað að henda mér út í veitingastaðareksturinn opnaði pítsustaðinn Blackbox Pizzeria fyrir rúmu ári síðan. Ég var síðan líka partur af fyrirtækinu Ghost Lamp en núna er ég komin yfir í stafræna auglýsingastofuna Kiwi.

**Ertu sáttur með stöðuna sem þú ert í?** Ég er bara mjög sáttur.

**Ertu að nýta þér það sem þú lærðir í viðskiptafræði?** Já það má vel segja það. Sérstaklega í veitingastaðarekstri.

**Varstu skráður í Mágus?** Já heldur betur.

Ég var meira að segja í stjórn Mágusar árið 2014-2015.

**Hver var besta vísindaferðin sem þú fórst í?** Ég man ekki alveg hver besta vísindaferðin var. En á þessum tíma voru ennþá haldin karla og kvennakvöld Tradition. Það var klárlega skemmtilegasti viðburðurinn.

**Hvar sérðu þig eftir 5 ár?**

Ég er núna kominn í for-eldrahlutverkið þannig það er mjög erfið spurning.



**Hera Sólveig Ívarsdóttir** 24 ára

**Hvenær útskrifaðist þú?** Ég útskrifaðist vorið 2017.

**Hvaða kjörsviði varstu á?** Kjörsviði markaðsfræði og alþjóðaviðskipta.

**Hvað fjallaði lokaverkefnið þitt um?** Lokaverkefnið fjallaði um hvernig markaðsfyrirtæki væru að bregðast við komu samfélagsmiðla og hvernig þau væru að nýta sér þá miðla. Markmiðið var að taka viðtöl við markaðsstjóra og fá innsýn í markaðsherferðir þar sem að samfélagsmiðlar voru notuð sem helsta kynningarleið.

**Hver var titillinn?** The new age of marketing: Creating successful campaigns using social media.

**Þegar þú byrjaðir í viðskiptafræði, hvað hélstu að þú myndir vinna við þegar þú útskrifaðist?**

Ég vissi um leið að aðal áhugi minn væri á markaðsfræði. Ég hafði lítinn sem engan áhuga á fjármálum, bókhaldi eða slíku. Enda sást það á einkunnunum. Ég hef alltaf haft gífurlegan áhuga á auglýsingum og stefndi því tiltölulega fljótt á það svið.

**Ertu sátt með stöðuna sem þú ert í?** Já, mjög sátt. Auglýsingabransinn er mjög krefjandi, skapandi og skemmtilegur. Hlutir þurfa að vera gerðir hratt og það er ávallt eitthvað nýtt og skemmtilegt sem kemur á borðið manns.

**Ertu að nýta menntun þína sem viðskiptafræðingur í starfinu?** Já, að einhverju leyti. Aðallega hvað varðar skipulagningu, uppsetningu verkefna og almenna framkomu í viðskiptalífinu. Mér finnst vanta meiri kennslu á hvernig markaðsumhverfið er út á vinnumarkaðnum.

**Hvaða námskeið sem þú tókst í viðskiptafræði eru að nýtast þér best í starfinu þínu?** Tjáning og samskipti hjá Þóru Christiansen. Þeir kenndu manni hvernig á að koma skilaboðum áleiðis á skilvirkan hátt og hvað það er mikilvægt að setja upp góðar kynningar.

Einnig áfangar sem ég tók í skiptinámi í Bandaríkjunum og Ástralíu.

**Varstu skráð í Mágus?** Svo sannarlega, öll árin! Dásamleg leið til þess að kynna samnemum sínum, hafa gaman og til að kynna sér starfsemi ýmissa fyrirtækja. Ég bauð mig síðan fram sem skemmtanastjóra Mágusar og fékk þann heiður að sinna því starfi.

Það er alltaf hægt að fara í sjúkrapróf/endurtökupróf en þú upplifir ekki sama partýið tvisvar!

**Hver var besta vísindaferðin sem þú fórst í?**

Þegar við fórum í Ölgerðina og síðan beint með rútu í NOVA vísó. Það var skrautlegt!

**Hvar sérðu þig eftir 5 ár?** Ætli ég verði ekki að segja í Bandaríkjunum að reyna að stofna eitt-hvað fyrirtæki. Það hefur alltaf verið draumurinn, en sjáum til hvernig mun rætast úr því... (ef ekki þá vonandi verður þetta viðtal grafið og gleymt).







Sérfræðingur á sviði viðskipta- og markaðstengsla hjá Deloitte

## Hilma Jónsdóttir 25 ára,

**Hvenær útskrifaðist þú?** Júní 2017, því herrans ári.

**Hvaða kjörsviði varstu á?** Markaðsfræði og alþjóðaviðskipti.

**Hvað fjallaði lokaverkefnið þitt um?**

**Hver var titillinn?** Verkefnið fjallaði um persónulegt vörumerki í tengslum við konur í æðstu stjórnunarstöðum stærstu fyrirtækja á Íslandi. Titillinn er „Personal branding in the corporate workplace: Does gender bias against females still exist?“ Mæli með ef þig vantar gott lesefni fyrir háttinn.

**Þegar þú byrjaðir í viðskiptafræði, hvað hélstu að þú myndir vinna við þegar þú útskrifaðist?** Ég hafði eiginlega ekki glóru þegar ég skráði mig. Ég vissi bara að sama hvað, þá myndi námið gagnast mér. Það var svo í fyrsta tímanum í Inngang að markaðsfræði að Maggi Páls „had me at hello“ og ég vissi að stefnan yrði sett á einhvers konar markaðsstarf.

**Ertu sátt með stöðuna sem þú ert í?** Helsátt.

**Ertu að nýta menntun þína sem viðskiptafræðingur í starfinu?** Heldur betur.

**Hvaða námskeið sem þú tókst í viðskiptafræði eru að nýtast þér best í starfinu þínu?** Öll markaðsfræðinámskeiðin voru góður grunnur. Ég tók svo valnámskeiðið Tjáning og samskipti á þriðja ári og hann hefur reynst gríðarlega vel.

**Varstu skráð í Mágus?** Ég var skráð á fyrsta ári (Það er óskrifuð regla að allir nýnemar skrái sig í félagið). Tók smá feilspor á því öðru og skráði mig ekki. Bætti þetta upp á þriðja ári og sinnti embætti formanns.

**Hver var besta vísindaferðin sem þú fórst í?** Ölgerðin stendur klárlega upp úr. Snillingarnir þar eru með solid uppskrift að vísindaferð; fræðsla í léttari kantinum, skemmtun í hámarki og nóóóóóóóóg af veitingum í fljótandi og föstu formi. Það var svo ekki amalegt að taka sigurinn í Pub Quiz'inu.

**Hvar sérðu þig eftir 5 ár?** Bleeeeeeeh, hver ákvað þessa þrotuðu spurningu?

**STÚDEN  
TAKJAL  
LARINN**


# Meistaránám í HR

- 90 ECTS einingar
- MSc-gráða eða viðbótargráða á meistarastigi
- Hægt að ljúka á 14 mánuðum með sumarönn

Meistaránám við viðskiptadeild HR er byggt á alþjóðlegum kröfum og þróað í samráði við atvinnulífið.

- Fjármál fyrirtækja
- Mannauðsstjórnun og vinnusálfræði
- Markaðsfræði
- Reikningshald og endurskoðun
- Stjórnun í ferðaþjónustu
- Stjórnun nýsköpunar
- Upplýsingastjórnun
- Viðskiptafræði
- MBA (2ja ára nám)

hr.is



# Gunnsteinn Helgi

**Gunnsteinn Helgi** er þekkt nafn í veitingabransanum í Reykjavík í dag. Á síðustu árum hefur hann átt þátt í því að opna fjölmarga staði sem hafa notið mikilla vinsælda. Hann segir að lykillinn að árangri sínum sé að vinna meira en aðrir, gott samstarfsfólk og að hafa gaman í vinnunni.

Gunnsteinn er fæddur og uppalinn á Húsavík hjá ömmu sinni og afa í sveit í Aðaldal. Hann flutti til Reykjavíkur um aldarmótin til þess að fara í skóla. Hann elskar að ferðast, fara á snjóbretti og væntanlega að borða góðan mat. Gunnsteinn ætlar að segja okkur aðeins betur frá sjálfum sér og árangri sínum í íslensku viðskiptalífi.

**Hver er menntun þín?** Ég var mjög óákveðinn þegar kom að námsleið. Ég fór á fjórar mismunandi brautir í þremur mismunandi framhaldsskólum. Þegar því lauk endaði ég svo í verðbréfamiðlun í Háskólanum í Reykjavík.

**Hvaða veitinga/skemmtistaði hefur þú átt?** Á síðustu tíu árum hef ég tekið þátt í að opna um tíu staði. Ég tók þátt í að opna Íslenska barinn við Austurvöll, Uno við Ingólfs-torg, Sushi Social, Apótekið, Public House, Burro Tapas + Steaks, Pablo Discobar, Miami Hverfisgötu, Benedorm og Jamie's Italian. En núna á ég Burro Tapas + Steaks, Pablo Discobar og Miami Hverfisgötu.

**Hefur þú átt þessa staði einn eða í samstarfi með einhverjum?** Ég hef aldrei átt stað einn, enda snýst þetta allt um gott samstarf og að vinna með hóp af góðu fólki. Hópurinn hefur verið misjafn á milli staða, en lyklatríðið á bakvið góðan stað er sterkur hópur af vinum sem treysta hver öðrum og vinna vel saman. Ásamt því er mikilvægt að halda góðu samstarfi við starfsfólk því eftir að staðurinn opnar er starfsfólkið það sem skiptir mestu máli.

**Hvað er það sem gerir þína staði svona vinsæla?** Það er mjög góð spurning. Við vinnum mikið með þröng "concept" á hverjum stað og reynum að fara all-in í þau concept. Við reynum að skapa annan heim þannig að gestir fari í ferðalag á framandi staði þegar þeir eru á stöðunum. Markmiðið er að búa til heildar upplifanir í anda leikhúss frekar en að hugsa bara út í mat á veitingastað. En lyklatríðið er að hafa gaman í vinnunni. Brosandi og hamingjusamt starfsfólk sem hlakkar til að mæta í vinnuna er



**PABLO  
DISCOBAR**



**sushi  
social**





MIAMI

Benedorm

aðlaðandi. Ef starfsfólki líður vel og skemmtir sér í vinnunni þá finnst gestum gaman að heimsækja staðinn.

**Hvernig náðir þú þessum árangri sem þú hefur náð?** Ég ákvað að vinna helmingi meira en allir aðrir og bæta mig alla daga. Markmiðið á að vera að gera sitt allra besta á hverjum degi.

**Hver er uppáhalds maturinn þinn?** Eitt það skemmtilegasta sem ég geri þegar ég ferðast er að borða mat frá heimamönnum sem eru eldaðir á götuhornum og vegaköntum. Uppáhaldsmatur er einfaldur matur beint frá jörðinni sem er eldaður úti á götu.

**En uppáhalds kokteill?** Negroni og Mezcal kokteilar.

**Ferðu út að borða á öðrum stöðum í Reykjavík en á þínum eigin?** Já, en þá aðalega með dóttir minni. Annars er Ban Thai í miklu uppáhaldi.

**Ertu með plön um að opna fleiri staði á næstunni?** Ekki á þessu ári. En við sjáum hvað framtíðin ber í skauti sér.



# Hvernig á ég að kaupa íbúð?

Það er ýmislegt sem þarf að hafa í huga þegar kemur að íbúðakaupum og þá sérstaklega fyrir ungt fólk í dag. Það er mjög dýrt að kaupa íbúð en það getur verið góð fjárfesting ef rétt er að málum farið. Hér verður farið yfir öll helstu skref til þess að geta orðið stoltur eigandi fasteignar.

## 1. Sparnaður

Það fyrsta sem þú þarft að hugsa til er sparnaður. Í flestum tilfellum munt þú þurfa að leggja út 20% af kaupverði íbúðar í fyrstu greiðslu. Fyrsta skrefið í átt að íbúðakaupunum er því að stofna sér sparnaðarreikning. Lang sniðugast er að leggja alltaf ákveðna upphæð inn á þennan reikning á mánuði og hafa hann bundinn í einhvern tíma. Gott er að hafa í huga að hægt er að nota sér-eignarsparnað til þess að fá útborguð viðbótariðgjöld við kaup á fyrstu íbúð. Þegar þú ert búin að búa til sparnað, sér-eignarsparnað og byrjuð/aður að spara, þá máttu halda áfram í næsta skref!

## 2. Íbúðin

Mikilvægt er að vera búin að gera sér hugmynd um hvernig íbúðin á að vera. Hvað á hún að vera stór? Hvar á hún að vera? Hvað má hún kosta? Gott er að skoða allar helstu fasteignasiður á netinu til þess að fá hugmynd um hvað er raunsætt og hvað ekki. Þegar það er komið á hreint er hægt að líta í sparnaðinn og sjá hvort þú eigir 20% af kaupverði íbúðarinnar. Ef nei, haltu áfram að spara. Ef já, þá er ekki seinna vænna en að hafa samband við fasteignasöluna sem auglýsti eignina. Síðan geturðu farið í næsta skref!

## 3. Þessi praktísku atriði

Þegar þú hefur samband við fasteignasöluna átt þú að biðja um söluyfirlit eignarinnar. Þar fást upplýsingar um fyrirsjáanlegt viðhald, sögu íbúðarinnar og ástand þess. Í kjölfar af því er sniðugt að fá fagaðila til þess að ástandsskoða íbúðina til þess að minnka áhættu á leyndum göllum sem gætu komið til að bíta þig í rassinn seinna meir. Ef söluyfirlitið og ástandsskoðunin komu vel út ertu vel út búin í næsta skref!

## 4. Kauptilboð

Næsta skref er að gera kauptilboð til seljandans. Þar á að koma fram umbeðinn afhendingardagur, hve mikið þú ætlar að leggja út fyrir eigninni og hversu mikið lán þú ætlar að taka. Þar á einnig að koma fram greiðslufyrirkomulag og allt þetta á að vera með fyrirvara um fjármögnun. Ef þú ert búin að senda seljandanum kauptilboðið þitt og fá það samþykkt, geturðu haldið áfram í næsta skref!







## 5. Húsnæðislán

Það getur verið smá basl að velja besta húsnæðislánið. Hægt er að fá húsnæðislán hjá þrem stærstu viðskiptabönkum landsins og einnig hjá lífeyrissjóðum. Oftast eru lánin tekin hjá bönkunum þar sem lífeyrissjóðirnir heimila bara lán til sjóðsfélaga sinna, greiða þarf fullt lántökugjald og þau lána oftast ekki meira en 70% af kaupverði eignar. Bankarnir hins vegar bjóða upp á allt að 85% lán, 70% í húsnæðislán og 15% í viðbótarlán. Einnig fella þeir niður lántökugjald þegar keypt er fyrsta íbúð.

### 5.1 Bráðabirgðagreiðslumat

Mikilvægt er að fara í gegnum bráðabirgðagreiðslumat áður en byrjað er að bera saman lán á milli banka. Það er hægt að gera á heimasíðum bankanna. Bráðabirgðagreiðslumat segir til um hversu háa upphæð þú ættir að geta notað til niðurgreiðslu á húsnæðisláninu í hverjum mánuði.

### 5.2 Samanburður lána

Þegar þú ert búin að fá niðurstöður úr bráðabirgðagreiðslumatinu getur þú notað íbúðalánareiknivélur bankanna til þess að reikna út lánamöguleikana þína. Þar setur þú inn markaðsverð íbúðarinnar sem þú valdir þér og lánsupphæðina (mest 85% af markaðsverði). Þar ákveður þú einnig hversu lengi þú ætlar að vera að borga upp lánið og hvort þú viljir verðtryggt eða óverðtryggt. Ekki gleyma að hafa í huga jafnar greiðslur eða jafnar afborganir og að áætla verðbólgu í samræmi við greiningar markaðarins. Hægt er að kynna sér hugtökin á netinu eða jafnvel mæta í ráðgjöf til bankanna. Þegar þú ert búin að velja lán sem hentar þér mátt þú fara í næsta skref!

### 5.3 Greiðslumat

Þegar þú ferð í gegnum greiðslumatið sjálfst eru nokkur gögn sem þú munt þurfa að skila inn. Þú þarft að skila inn undirrituðu umboði fyrir bankann til þess að sækja upplýsingar um fjárhag þinn, samþykktu kauptilboði, undirritaðri lánaumsókn og staðfestingu um að þú eigir sparið til að borga fyrstu afborgun. Þegar þú ert komin/n í gegnum greiðslumatið þá útbýr bankinn láns skjöl sem þú undirritar. Þegar þú hefur lokið við það er ekki seinna vænna en að ganga frá kaupsamningnum!

### ProTip: Kostnaður sem fylgir

Það þarf að hafa í huga að ákveðin rekstrarkostnaður fylgir kaupnum áður en að flutt er inn. Greiða þarf fasteignagjöld, hitaveitu, vatns- og fráveitugjöld, rafmagn og internet, heimilistryggingar og ef þú býrð í fjölbýli þarf að greiða í hússjóð. Þetta getur orðið að góðri summu og til þess að halda þessum kostnaði í lágmarki er gott að vera búin að kynna sér allan rekstrarkostnað áður en söluferlið hefst. Einnig er mjög gott að geyma smá fé til hliðar fyrir ófyrirséðan kostnað. Leyndir gallar geta verið kostnaðarsamir og því mikilvægt að vera búin að gera ráð fyrir því.

## 6. Kaupsamningur

Kaupsamningur er endanlegur samningur milli kaupanda og seljanda. Þar eiga að koma fram öll helstu samningsatriði og endanlegt kaupverð eignarinnar. Þegar allir pappírar hafi verið undirritaðir eru láns skjöl send í þinglýsingu. Hafa þarf í huga að á þessu stigi þarf að greiða þinglýsingargjald, stimpilgjald og umsýslugjald. Einnig fer oft fram fyrsta greiðsla. Húsnæðislánið er svo greitt út þegar bankanum berst þinglýst veðskuldabréf. Til hamingju, þú átt núna bara eftir að fá lykllana!

## 7. Afhending íbúðar



Afhending íbúðar á að vera á umsömdum degi samkvæmt kaupsamningi. Þegar þú ert komin/n með lykllana er það fyrsta sem þú átt að gera að skoða íbúðina. Mikilvægt er að allt sé eins og samið var um í kaupsamningnum. Athugaðu að við afhendingu færast rekstrarkostnaður íbúðarinnar yfir á þig. Þú ert núna orðin stoltur eigandi íbúðarinnar! En þetta er ekki alveg búið enn...

## 8. Afsal

Afsal fer fram þegar að bæði seljandi og kaupandi hafa uppfyllt sínar skyldur samkvæmt kaupsamningi. Þá geta hin eiginlegu eigendaskipti farið fram. Frá afhendingu að afsali líða oftast tveir til þrjár mánuðir. Afsalið er svo sent í þinglýsingu og því fylgir tilfallandi kostnaður. Þú er núna orðin opinber eigandi íbúðarinnar. Til hamingju með kaupin!



bjarki22



# What happens at NESU stays in NESU...

NESU eða Nordic Economic Student Union, er gríðarleg öflugt nemendafélag sem nær yfir öll Norðurlöndin auk Eistlands. NESU ráðstefnan er skipulögð tvisvar á ári, í mars og nóvember. Auður Elísabet Guðrúnardóttir segir okkur nánar frá.

Ráðstefnan er vikulöng og býður upp á einstakt tækifæri til að kynna viðskipta- og hagfræðinemum á Norðurlöndum auk þess að dýpka þekkingu á náminu og takast á við alvöru verkefni eða vandamál hjá fyrirtækjum.

Hver ráðstefna hefur sitt þema þar sem starfsfólk fyrirtækja koma og vinna náðið með þátttakendum við úrlausn verkefna. Slík vinna gefur þátttakendum tækifæri til að efla tengslanet sitt og margir hafa fengið atvinnuboð samhliða námi eða að loknu námi vegna ráðstefnunnar.


Að frátöldu dagprógrammi er kvöldprogrammið jafn frábært ef ekki betra. Ráðstefnan hefst á bústaðarferð þar sem allir taka þátt í sítis party. Í grófum dráttum er sítis party þar sem allir sitja við langborð og fá nokkra drykki, þrjár „metnaðarfullar“ máltíðir og helling af sterkum skotum. Um kvöldið eru mörg lög sungin og allskonar reglur sem fáir vilja brjóta. Þetta er frábært leið til að kick-starta vikunni. Aðrir viðburðir sem eiga sér stað yfir ráðstefnuvikuna eru t.d: Karaoke party, Nordic evening, city run/pub crawl, keila og sundlaugaparty.

Hápunktur vikunnar er svo Galakvöldverður á laugardeginum þar sem allir fara í sitt finasta púss, borða þriggja rétta kvöldverð, njóta góðs af opnum bar allt kvöldið og dansa fram undir morgun.

Nýliðin ráðstefna var haldin á Íslandi í nóvember s.l en metþátttaka var á ráðstefnuna. Skipuleggjendur sáu til þess að þátttakendur fengu sem mest út úr ferðinni og bættu því ýmsu við hina hefðbundnu dagskrá. Til dæmis fórum við gullna hringinn og í Gömlu laugina á Flúðum. Einnig kíktum við í fyrirtækjaheimsókn til Kviku Banka, unnum í nýju spennandi verkefni fyrir Ísey skyr og Ketchup.

Næsta ráðstefna er haldið 11.-17. mars í Turku, Finnlandi. Háskóli Íslands mun senda sína fulltrúa á ráðstefnuna og munu þeir halda heiðri Íslendinga uppi með mikilli skemmtun og drykkju. Þrátt fyrir að umsóknarfrestur fyrir næstu ráðstefnu er liðinn er kjörið að sækja um í haust.









# Viðskiptafræði

# MEME



### Að vera viðskiptafræðinemi


|  |   |  |
|--|---|--|
|   |   |   |
| Það sem vinir mínir sjá  | Það sem HÍ sér  | Það sem fjölskyldan sér  |
|  |  |  |
| Það sem kennararnir sjá  | Það sem ég sé   | Alvaran  |









Fjárhagsbókhald, fyrsta vika



Fjárhagsbókhald, þriðja vika







# TVENNUNU TILBOÐ

## TVÖFÖLD GLEÐI!

Þú sækir pizzu og stóran skammt  
af brauðstöngum og færð  
aðra pizzu sömu stærðar að auki.





# Stjörnuþá

## Steingeit 22.des-19.jan

Elsku Steingeitin mín, hvernig væri bara að fara aðeins út fyrir þægindarammann og hleypa aðeins upp á sig?

Fyrsta skrefið fyrir þig er Tinder. Eitt lauflétt swipe til hægri og ævintýrin gerast áður en þú veist það.

**Besta match: Naut, Meyja og Steingeit.**  
**Kennara match: Snjólfur Ólafsson**



## Vatnsberi 20.jan-18.feb

Kæri Vatnsberi. Ég veit þér þykir sopinn vissulega góður, en passaðu þig aðeins. Fáðu þér frekar gajol heldur en tequila á barnum á árs hátíðinni.

Ef þú ætlar að taka einhvern heim með þér verðuru að muna eftir því.

**Besta match: Ljón, Vog og Tvíburi.**  
**Kennara match: Helgi Héðinsson**



## Fiskur 19.feb- 20.mars

Fiskur! Þú ert svo æðislegur en ert of upptekinn á því hvað öðrum finnst um þig. Farðu þína eigin leið. Jafnvel beinustu leið upp á svið á árs hátíðinni í ein-söng og þá helst með lagið Thank u, next!

**Besta match: Meyja eða Sporðdreki.**  
**Alls ekki deita Steingeit!**  
**Kennara match: Ásdís Petersen**



## Hrútur 21.mars-19. Apríl

Kæri Hrútur. Nú verður þú að fara að taka ábyrgð á gjörðum þínum. Árið verður sjálfsagt ágætt hjá þér þar sem þú ert alltaf svo cocky og góður með þig. Vaskurinn er ekki rétti staðurinn til að æla í!

**Besta match: Ljón og Vog. Forðastu Naut og Steingeit!**

**Kennara match: Rúnar Steinn Ragnarsson**



## Naut 20.apríl- 20.maí

Elsku Naut, á árinu geta frábærir hlutir orðið að veruleika ef þú sleppir takinu og leyfir lífinu að leika sinn leik. Þú gætir jafnvel endað í góðum sleik! Gættu þín á því að brjóta glös á árs hátíðinni. Það er illa séð!

**Besta match: Steingeit, Krabbi og Sporðdreki. Alls ekki Vatnsberi, því miður.**

**Kennara match: Eðvald Möller**



## Tvíburi 21.maí-20.júní

Þú átt það til kæri Tvíburi að tala allt of mikið.

Farðu nú að þegja og leyfa öðrum í kringum þig að tala til tilbreytingar.

Heppnin er með þér, þú munt vinna sex bjóra í hjólinu á árs hátíðinni!

**Besta match: Meyja og Vatnsberi.**  
**Í guðs bænum forðastu Krabbann og Steingeitina.**

**Kennara match: Bjarni Frímann**



## Krabbi 21.júní- 22.júlí

Elsku Krabbinn minn. Árið mun innihalda fullt af skemmtilegum atburðum ef þú sleppir takinu. Passaðu þig þó að skemmta þér ekki of mikið, þar sem þú ert óútreiknanlegur á djamminu. Ef þú ætlar heim með einhverjum, hafðu hljótt. Foreldrarnir eru heima!

**Besta match: Naut, Sporðdreki og Krabbi**

**Kennara match: Sabit Veselaj**



## Ljón 23.júlí- 22.ágúst

Elsku orkuríka Ljónið mitt. Þú ert athyglissjúkt og elskar drama, sérstaklega þar sem þú ert miðpunktur málsins. Þú verður að passa að out-shinea ekki Jónsa á árs hátíðinni samt! Farðu varlega niður stigann á árs hátíðinni. Þú átt það til að detta á djamminu!

**Besta match: Hrútur og Bogamaður.**  
**Haltu þig frá Nautinu.**

**Kennara match: Sveinn Agnarsson**



## Meyja 23.ágúst- 22.sept

Elsku fallega Meyja. Nú er tími til komin að slaka á og leyfa hlutunum að vera. Leyfðu makanum að elda handa þér og ganga frá á meðan þú setjur fætur upp í loft með vínglas í hönd. Ef þú átt ekki maka, greyjið þú. En þú getur reddað þér einum á árs hátíðinni!

**Besta match: Naut og Fiskur**  
**Kennara match: Haukur Camillus Benediktsson**



## Vog 23.sept- 22.okt

Elsku Vog. Árið 2019 mun vera sérstakt fyrir þig og mun það allt byrja þegar þú finnur 500 kall út á götu. En þú verður að nota þennan 500 kall á barnum á árs hátíðinni. Annars mun kvöldið enda illa! Við mælum með Gajol skoti!

**Besta match: Hrútur og Ljón en í guðs bænum haltu þig frá Vatnsberanum.**  
**Kennara match: Ásdís Petersen**



## Sporðdreki 23.okt- 21.nóv

Kæri Sporðdreki. Þú virðist jarðbundinn og tilfinningaríkur. En í alvörunni ertu kaldhæðnislegur og notar hún til að fela vandamálin og þegar illa gengur í miðannarprófum. Þegar þú mætir á árs hátíðina skaltu fara beint á barinn. Ástin í lífi þínu mun standa þar. Bjóddu henni drykk!

**Besta match: Ljón**  
**Kennara match: Sigmundur Davíð Gunnlaugsson**



## Bogamaður 22.nóv - 21.des

Ágæti Bogamaður. Þú ert alltaf svo mikið á iði og getur aldrei setið kyrr! Það er eins og þú sért með njál! Þegar fyrsti áfengi dropinn snertir tunguna þína snýst allt við! Ekki væla yfir einhverjum fuckboy/girl og notaðu árs hátíðina til þess að gera loks eitt-hvað í þínum málum!

**Besta match: Tvíburi og Bogamaður.**  
**Alls ekki Meyja!**  
**Kennara match: Vilhjálmur Bjarnason**





# GeoSea

## Geothermal Sea Baths

Vinsældir jarðbaða og náttúrulega hafa farið sífelld vaxandi undanfarin ár. Í lok síðasta sumars opnaði GeoSea á Húsavík sem eru einstakar náttúrulegar.


Vatnið í laugunum er í raun sjór sem kemur upp úr tveimur borholum og inniheldur 1/3 af seltu sjávar. Ekki er þörf á hreinsiefnum eða búnaði í sjóböðunum því það er stöðugt gegnumstreymi vatns frá borholum, milli lauga, yfir barma þeirra og út í sjó. Það er nóg til þess að halda heilbrigði vatnsins innan tilskilinna heilbrigðismarka.

Jarðhitinn á svæðinu hefur verið lengi verið þekktur og nýttur til baða og þvotta. Þegar borað var eftir heitu vatni á Húsavíkurhöfða upp úr miðri síðustu öld kom upp vatn sem reyndisw t vera heitur sjór og of steinefnaríkur til húsupphitunar. Þess vegna var gömlu ostakari frá Mjólkursamlaginu komið fyrir og fólk baðaði sig upp

úr heitum sjó, sér til heilsubótar því að vatnið er sérstaklega gott fyrir þá sem glíma við húðkvilla, eins og Psoriasis. Þannig má segja að hugmyndin að GeoSea hafi byrjað sem ostakar og borhola en endað í stórförum.

GeoSea býður upp á 3 laugar, gufubað, nudd, bar við eina laugina þar sem boðið er upp á áfenga





og óáfenga drykki og síðan veitingasölu. Þar er hægt að fá súpu dagsins, samlokur, kökur og margt fleira.


Það sem gerir þennan stað sérstakan er staðsetningin. Böðin eru alveg við brún Húsavíkurhöfða og í þeim geta gestir notið náttúrunnar á einstakan hátt með gott útsýni yfir Skjálfandaflóa og Kinnarfjöll. Ef heppnin er með þeim geta þeir einnig séð hvali.

Arkitekt staðarins er Basalt Architects og fengu þau hönnunarverðlaun síðasta ár fyrir arkitektúr í íslenskri baðmenningu. GeoSea var eitt af þeirra verkum.

Húsavík er vinsæll ferðamanna- staður og hefur einna helst verið þekktur fyrir hvalaskoðun. GeoSea er því frábær viðbót fyrir bæinn til að gera hann að áhugaverðari stað og með fjölbreyttari afþreyingu fyrir ferðamenn.

Aðsóknin hefur farið fram úr öllum væntingum og stefnt er að því að hægt sé að taka á móti hundrad þúsund gestum á ári.

**Böðin eru alveg við brún Húsavíkurhöfða og í þeim geta gestir notið náttúrunnar á einstakan hátt**





The image features two champagne flutes filled with a light-colored liquid, likely champagne, set against a dark background with out-of-focus light spots (bokeh). The entire scene is overlaid with a semi-transparent teal color. The text is centered over the glasses.

**Árshátíðar**

**viðtöl**





## Eygló Snæland

**Ætlar þú ekki á árshátíðina?**

Jú, heldur betur!!

**Hvað þyrftir þú mörg tequila skot á barnum til þess að taka einsöng upp á sviði?** Úfff, svona hálf flösku!

**Hvert er planið fyrir árshátíðardaginn?** Gera sig til snemma til þess að geta byrjað að sulta í sig snemma.

**Ertu komin með target fyrir árshátíðina?** Ójáááá!

**Hvernig mun þyngkumaturinn þinn líta út daginn eftir?** Hmmm, örugglega pizza og snakk en hugsanlega bara snakkið.

**Hvaða lag spilaru til þess að koma þér í gírinn fyrir árshátíðina?** Alltaf Keyra með Herra Hnetusmjör!

**Hvert verður förinni heitið niður í bæ eftir árshátíðina?** Klárlega B5!!!!

**Hvað ætlaru að drekka á árshátíðinni?** Bacardi Razz í vatn! Classic!

**Hmmm, örugglega pizza og snakk en hugsanlega bara snakkið yfir þyngkuni.**



## Garðar Ingi

**Ætlar þú ekki á árshátíðina?**

Auðvitað!

**Hvað þyrftir þú mörg tequila skot á barnum til þess að taka einsöng upp á sviði?** Svona tæplega 15-20 held ég.

**Hvert er planið fyrir árshátíðardaginn?** Ég heyrði að Elías Larsen ætlar að bjóða öllum í fyrirpartý.

**Ertu kominn með target fyrir árshátíðina?** Myndi nú ekki segja það...


**Hvernig mun þyngkumaturinn þinn líta út daginn eftir?** Það mun vera prótein pönnsur og einn afréttari.

**Hvaða lag spilaru til þess að koma þér í gírinn fyrir árshátíðina?** Eit-hvað með Tiesto ekki spurning!

**Hvert verður förinni heitið niður í bæ eftir árshátíðina?** Það er óákveðið, en góðvinur minn hann Fannar Freyr vill alltaf fara á B5. Ég geri ráð fyrir að elta hann.

**Hvað ætlaru að drekka á árshátíðinni?** Smá af hvítvíni, nokkra G&T í sterkari kanntinum og þó nokkra Corona!

**Þyngkumaturinn mun vera prótein pönnsur og einn afréttari.**



## Júlía Björk

**Ætlar þú ekki á árshátíðina?** Ég ætla ekki á árshátíðina, árshátíðin ætlar á mig (If u know what i mean!)

**Hvað þyrftir þú mörg tequila skot á barnum til þess að taka einsöng upp á sviði?** Ég var í Argentínu elskan, blóðið mitt er 96% tequila! Ef þú gefur mér þef af flöskunni verð ég fröken hnetusmjör á sviðinu!

**Hvert er planið fyrir árshátíðardaginn?** Bara sama rútína og alltaf! Vakna 6 og beint í WC. Svo er það tvöfaldur tími í Sælunni, löns á Culiacan og skella heitri selfie í story á insta. Svo aftur einfaldur í Sælunni svo geri ég mig til!

**Ertu komin með target fyrir árshátíðina?** Þarf ekki target, tek bara the finger guns á dansgólfinu og allir vilja mig.

**Hvernig mun þyngkumaturinn þinn líta út daginn eftir?** Bara eitthvað létt og gott. Ég fer í skútuna og fæ mér skútupulsu, bernaïse borgara og fjölskyldutilboð af vængjum. Síðan Pepsi Max, því ég er að passa línurnar.

**Hvaða lag spilaru til þess að koma þér í gírinn fyrir árshátíðina?** My heart will go on fyrst til þess að klára tárin fyrir kvöldið og svo Djamm Queen því það er ég

**Hvert verður förinni heitið niður í bæ eftir árshátíðina?** Auðvitað á besta skemmtistað íslands og uppáhalds allra, Dönsku Kránna í trúbba.

**Hvað ætlaru að drekka á árshátíðinni?** Allt nema vatn!

**Þyngkumaturinn verður Bara eitthvað létt og gott. Ég fer í skútuna og fæ mér skútupulsu, bernaïse borgara og fjölskyldutilboð af vængjum. Síðan Pepsi Max, því ég er að passa línurnar.**



## Birta Eik

**Ætlar þú ekki á árshátíðina?**

Auðvitað!

**Hvað þyrftir þú mörg tequila skot á barnum til þess að taka einsöng upp á sviði?** Alltof mörg!

**Hvert er planið fyrir árshátíðardaginn?** Bara byrja að drekka nógu snemma.

**Ertu komin með target fyrir árshátíðina?** Aldeilis ekki...

**Hvernig mun þyngkumaturinn þinn líta út daginn eftir?** Egg, beikon, pönnsur & Aquarius, mögulega tvær paratabs.

**Hvaða lag spilaru til þess að koma þér í gírinn fyrir árshátíðina?** I gotta feeling - Black Eyed Peas

**Hvert verður förinni heitið niður í bæ eftir árshátíðina?** Danska.

**Hvað ætlaru að drekka á árshátíðinni?** Möet, hvítt og lite lime.

**Egg, beikon, pönnsur & Aquarius, mögulega tvær paratabs í þyngkumat**


# Mágusarkönnunin 2019

## Fjöldi Mágusinga: 222


Þar af nýnemar: 134  
Þar af undir 20 ára: 11



## Á hvaða ári ertu?




## Hvar býrðu?




Í foreldrahúsum  
Á stúdentagörðum  
Í eigin húsnæði  
Í leiguhúsnæði

## Framhaldsnám?




## Hvað ertu að læra?




Fjármál  
Stjórnun  
Reikningshald  
Markaðsfræði og alþjóðaviðskipti

## Hvað var besta partý Mágusar hingað til?




## Hver er þín upplifun af Mágus og starfsemi félagsins?

### Hversu oft mætir þú á viðburði?




Eiginlega alltaf  
Mjög oft  
Stundum  
Sjaldan

### Hvernig eru vísindarferðirnar búnar að vera hingað til?



Mjög skemmtilegar  
Skemmtilegar  
Hvorki né  
Ekkert sérlega skemmtilegar



Jákvæð  
Mjög jákvæð  
Hlutlaus  
Neikvæð





# ÁRSHÁTÍÐ MÁGUSAR 2019

**2. MARS**

**MÖRKIN 6**  
*veislusalur Ferðafélags Íslands*

*Veislustjóri kvöldins:*  
**JÓN JÓNSSON**



**18:30**

**Húsið opnar**

**19:00**

**Fordrykkur hefst**

**19:30**

**Borðhald hefst**

**23:00**

**Ball fram á rauða nótt  
með Jónsa ásamt hljómsveit**

**Dregið verður í happdrætti, veitt verða  
verðlaun fyrir krossgátuna í  
Mágusartíðindum og margt fleira.**

**Kokkarnir.is munu sjá um veitingarnar  
og í boði verður ljúffengt  
aðalréttahlaðborð og eftirréttur.**

**Frjálst er að koma með eigið áfengi en  
auðvitað verður bar á staðnum!**







# Fjölbreytt meistaranám í Viðskiptafræðideild

[hi.is/vidskiptafraedideild](https://hi.is/vidskiptafraedideild)



Minnum á að umsóknarfrestur í  
meistaránám er til 15. apríl

MFin Fjármál

MS Fjármál fyrirtækja

MS Mannauðsstjórnun

MS Markaðsfræði og alþjóðaviðskipti

MS Nýsköpun og viðskiptaþróun

MS Stjórnun og stefnumótun

MAcc Reikningskil og endurskoðun

MA Skattaréttur og reikningskil

MS Verkefnastjórnun

MS Viðskiptafræði

MS Þjónustustjórnun

Gimli við Sæmundargötu - 101 Reykjavík

Sími 525 4500

[nemFVS@hi.is](mailto:nemFVS@hi.is)

[hi.is/vidskiptafraedideild](https://hi.is/vidskiptafraedideild)



HÁSKÓLI ÍSLANDS  
VIÐSKIPTAFRÆÐIDEILD



# FASTEIGNASALA REYKJAVÍKUR

